



- Móttaka og meðhöndlun spilliefna -



Skýrsla fyrir árið 2016 til Umhverfisstofnunar vegna starfsleyfis Gámaþjónustu Norðurlands ehf. Hlíðarvöllum, Akureyri.

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut

Reykjavík

1. Inngangur:

Starfsleyfi til móttöku og meðhöndlunar spilliefna var gefið út af UST 16. júlí 2012 til Sagaplasts ehf. Kt.: 611293-2169.

Úr starfsleyfi:

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sagaplast ehf., kt. 611293-2169, fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs á athafnasvæði félagsins við Rangárvelli, Akureyri. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið var síðar fært til Gámaþjónustu Norðurlands ehf. sem tók yfir reksturinn nokkru síðar en starfsleyfið var gefið út eða 19. desember 2012.

Spilliefnamóttakan er hluti af starfsemi móttöku, -flokunar- og umhleðslustöðvar Gámaþjónustu Norðurlands og eru ýmsir rekstrarþættir sameiginlegir. Húsakynni, geymslur og vinnsla efnanna miða að því að starfsemin gangi vel fyrir sig og sé hluti af heildarstarfsemi Gámaþjónustu Norðurlands að Hlíðarvöllum.

2. Umfang starfseminnar:

Úr starfsleyfi:

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. til flokkunar, pökkunar, annars frágangs og geymslu. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að taka á móti eru eftirfarandi:

- 600 tonn af spilliefnum, þ.m.t. smitandi úrgangi og 500 kg af sprengifimum efnum, skotfærum og neyðarblysum.
- 300 tonn af raf- og rafeindatækjaúrgangi, m.a. sem innihaldið getur hættuleg efni.

Í móttökustöðinni er tekið við spilliefnum og raftækjaúrgangi frá Eyjafjarðarsvæðinu auk efna frá Þingeyjasýslum og hluta Austurlands. Lögð er áhersla á að meðhöndlun efna í móttökustöðinni sé samkvæmt reglum en umgengni um þessi efni víða um land þar sem þau falla til er ábótavant enda eftirlit víða ekkert.

Úr starfsleyfi:

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal tegundir spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Jafnframt skal skrá magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef við á, vinnsluáferðir og ráðstöfun úrgangsins. Allar færslur er varða spilliefni skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár.

Sérstaklega skal skrá magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og íhluta hans, í samræmi við flokkun í viðauka IA við reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang, og það hvernig honum er ráðstafað. Halda skal skrá yfir gerð og magn spilliefna í þessum úrgangi og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Tafla sem sýnir spilliefni og raftækjaúrgang og sem barst móttökustöðinni að Hlíðarvöllum Akureyri og ráðstöfun þeirra árið 2016

Þessu er síðan ráðstafað til Efnamóttökunnar, Hringrásar og Furu

Spilliefni og raftæki 2016

Úrgangstegund	Lýsing	Þyngd
10200	Olía dælal.>200 ltr tunna	11.187 KG
10500	Olíusíur	2.567 KG
	Olíumengaður úrgangur	
10900	ódælanl.	8.701 KG
10940	Koppafeiti	543 KG
1310	Kælitæki m/freon	52.942 KG
1320	Sjónvarpsskjáir (túba)	13 KG
1323	Skjáir óflokkað	58.582 KG
1330	Tölvur - turnar /borðvél	103 KG
1333	Tölvuskjáir (LCD)	33 KG
1335	Lítill samskiptatæki	10.281 KG
1340	Perur	2.929 KG
1355	Öll önnur raftæki / annar rafb	63.962 KG
13580	Stór heimilistæki	34.308 KG
20900	Lífr.ódælanlegt M.H/B	329 KG
20920	Eimingarleifar frá efnalaugum	4 KG
20950	Kælimiðlar/Freon	9.650 KG
30110	Fljótandi í 200l ílátum	655 KG
30119	Smáílát<200lítrar ódælanl	1.423 KG
30200	Framköllunarv. í< 200l ltr	1.552 KG
30809	Formaldhýð Smáílát <25 lítra	18 KG
30825	Prentihylki, blek	321 KG
30827	Prentihylki, duft almennt	462 KG
30828	Prentlitir	15 KG
30829	Smáílát <25 lítra	9.918 KG
30836	Kítti og spartl	211 KG
30850	Málning allar stærðir íláta	12.190 KG
30870	Fljótandi í 200 lítra íláti	57 KG
30879	Smáílát <25 lítra	959 KG
31000	Eftirlitssk.úrg. ódælanlegur	6.727 KG
31100	Matarolía	36.014 KG
40000	Úrgangur með kvikasilfri	16 KG
40056	Amalgam	6 KG
50000	Rafgeymar og blýmengað	58.351 KG
50100	Óflokkaðar rafhlöður	5.966 KG
50101	Rafhlöður með kvikasilfri	381 KG
503	Trúnaðargögn í Kölku	139 KG
60000	Útrýmingarefni	78 KG
60200	Lífræn oxandi efni	2 KG
701	Sóttmengað	1.812 KG
70100	Ólífræn spillie.> 200 L.plastt	13 KG
70900	Ólífræn spilliefni innlend eyð	552 KG
80000	Lyf	41,5 KG
80050	Rannsóknarst. úrgangur	1 KG

80100	Isocyanöt (MDI-TDI)	291	KG
80200	Sprautunálar	193	KG
80250	Rannsóknarst.úrg.innlend eyð.	39	KG
80300	Skothylki	12	KG
80304	Flugeldar m/vsk	5	KG
80350	Halon slökkvibúnaður m/vsk	480	KG
91860	Blý	1	KG

Alls 395.035 kg

Þessir flokkar úrgangs og spilliefna sem fram koma í töflunni voru allir fluttir til viðeigandi ráðstöfunar.

Auk spilliefnamóttökunnar er á Hlíðarvöllum rekin almenn móttökustöð fyrir úrgang og endurvinnsluefni. Þar er tekið á móti alls konar efnum og þeim komið til viðeigandi ráðstöfunar eins og spilliefnum og raftækjum. Blandaði og grófi úrgangurinn auk dýrahæja til urðunar í Stekkjarvík, lífræni eldhúsúrgangurinn til jarðgerðar að Þverá, timbrið til tætingar og jarðgerðar að Þverá, sóttmengaði úrgangurinn til brennslu í Kólku, brotajárnið til Hringrásar og Furu, jarðvegur, gler og múrbrot á jarðvegstipp og mest af endurvinnsluefnum svo sem pappír, pappa, plasti og fl. var flutt til Evrópu í endurvinnslu þar.

3. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Engin mengunaróhöpp urðu á árinu 2016.

4. Niðurstöður frárennslismælinga

Við hönnum móttökustöðvarinnar þá var sérstaklega litið til þess að öllum reglum um frárennsli væri fylgt til hins ýtrasta og samþykktar teikningar sendar UST við vinnslu starfsleyfa.

Vísað er til mælinga á frárennsli sem gerðar voru í sumarið 2016. Sérstakar mælingar voru gerðar á frárennsli spilliefnamóttökunnar. Sýnataka, mælingar og efnagreiningar voru gerðar af Verkís hf. og Sýni. Greinargerð verkfræðistofunnar fylgir þessari skýrslu (Fylgiskjal 1).

ATH: Þar sem ekki hefur enn farið fram frárennslismæling á þessu ári þ.e. 2017 þá er þetta fylgiskjal það sama og sent var með skýrslu í ágúst 2016 vegna ársins 2015

Jafnframt er nú sem áður bent á mikið ósamræmi sem gildir um kröfur um hönnun frárennslislagna og losunarmörk efna í frárennsli fyrirtækja eftir því hver á í hlut og/eða hver gefur út starfsleyfið sbr. töfluna hér að á næstu síðu.

Minnt er á samræmingarhlutverk Umhverfisstofnunar í þessum efnum samkv. lögum.

	Losunarmörk í starfsleyfi Sorpu bs. (Gefið út af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 19.febrúar 2013) (mg/l)	Losunarmörk í starfsleyfi Gámaþjónustu Norðurlands ehf. (Gefið út af UST 24. maí 2011) (mg/l)	Losunarmörk í starfsleyfi Sagaplasts ehf. (Gefið út af UST 16. júlí 2012) (mg/l)	Mismunur á losunarmörkum Sorpu bs. annars vegar og Gámaþjónustu Norðurlands og Sagaplasts hins vegar
COD	1000	125	125	8-faldur
Svifagnir	500	35	35	14,3 -faldur
Olía/fita	100	15	15	6,7- faldur

Þá er vakin athyglím á því að spilliefnamóttakan að Hlíðarvöllum Akureyri er fyrst og fremst móttökustöð spilliefna og raftækjaúrgangs en vinnsla er þar lítil sem engin. Efnin eru búin undir flutning og ráðstafað til annarra aðila sjá töflu. fyrir slíkar Vakin er athygli á því að móttökustöðvar spilliefna og raftækjaúrgangs á vegum Sorpu bs. (endurvinnslustöðvar) og móttökustöðvar (gámasvæði) sumra sveitafélaga hafa engin slík starfsleyfi þó magn efna sem þangað berst sé sambærilegt.

5. Umhverfisstjórnun og innra eftirlit

Á árinu 2015 var lokið við innleiða umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001:2004 hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf. Allir rekstrar- og umhverfisþættir m.a. þeir sem varða spilliefni og raftækjatórgang og líklegir eru til að valda neikvæðum áhrifum á umhverfið voru kortlagðir og ráðstafanir gerðar til að áhrif þeirra verði sem minnst. Lokaúttekt eftirlitsaðila var í maí 2015.

Í framhaldi af því var gefið út skírteini um alþjóðlega vottun sem nær til allra þátta í starfsemi fyrirtækisins ekki síst til starfseminnar sem lýtur að móttöku- og flokkunarstöðinni að Hlíðarvöllum Akureyri, þar með talinni spilliefnamóttökunni.

Eitt af mikilvægustu atriðum þessarar vinnu er skráning ýmissa rekstrarþátta sem varða umhverfið að gera alla starfsmenn fyrirtækisins sem best meðvitaða um þá þætti starfseminnar sem kunna að valda neikvæðum umhverfisáhrifum í næsta nágrenni. Reglulegar úttektir eftirlitsaðila (bsi) fara nú fram. Nú síðast 20.sept 2016.

6. Grænt bókhaldi

Rekstrarþættir sem varða grænt bókhald eru sameiginlegir fyrir alla starfsemi Gámaþjónustu Norðurlands og eru þeir sem tengjast spilliefnamóttökunni ekki sérstaklega aðgreindir.

Skýrsla sem varðar grænt bókhald fyrir Gámaþjónustu Norðurlands fylgir með þessari skýrslu. Fylgiskjal 2

Fylgiskjal 1: Greinargerð og niðurstöður frárennismælinga Verkfræðistofunnar Verkíss hf.)

Fylgiskjal 2: Grænt bókhald fyrir Gámaþjónustu Norðurlands fyrir árið 2016

EÓ tók saman.